

Nd.

183. Nefndarálit

[103. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 97 18. des. 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og einnig fengið upplýsingar um störf verðlagsráðs sjávarútvegsins hjá hr. framkvæmdastjóra Sveini Finnssyni. Á þeim skamma tíma, sem nefndin hefur haft til athugunar á frumvarpinu, hefur ekki gefizt tækifæri til að leita um það umsagnar þeirra aðila, sem hlut eiga að máli, en andmæli gegn því hafa borizt í bréfi frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, dags. 16. des. 1964.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt með breytingu á 11. gr. laganna, sem nefndin flytur till. um á sérstöku þingskjali. Nefndarmennirnir JSk og GíslG áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 16. des. 1964.

Birgir Finnsson,
form., frsm.
Sverrir Júlíusson.

Pétur Sigurðsson,
fundaskr.
Guðlaugur Gíslason.
Jón Skaftason.

Lúðvík Jósefsson,
með fyrirvara.
Gísli Guðmundsson.